

5691100

Ritstjórn: ritstjorn@mbi.is
Auglýsingar: augl@mbi.is
Áskrift: askrift@mbi.is | sími 5691100
mbi.is netfrett@mbi.is



Morgunblaðið

FÖSTUDAGUR 10. MARS 69. DAGUR ÁRSINS 2017

»MEST LESIÐ Á mbl.is

1. Stormviðvörðun og lægðagangur
2. Fæða sem veldur eða dregur ...
3. Þórdís og Stranger tekin af ...
4. „Líktist íslenskum löðrungi“

Sungið fyrir Umhyggju

● Um 220 manns koma að styrktartónleikunum

Steinþór Guðbjartsson
steinthor@mbi.is

Kammerkór Reykjavíkur stendur fyrir styrktartónleikum fyrir Umhyggju í Langholtskirkju síðdegis á morgun. Landsþekktir hljóðfæraleikarar, kórar, einsöngvarar og trúbadorar koma fram og í lokin munu allir sem stíga á svið, alls um 220 manns, flytja verkið „Passia Krists“ eftir Sigurð Bragason, listrænan stjórnanda tónleikanna.

Undirbúningur fyrir tónleikana hefur staðið yfir síðan í haust, að sögn Péturs Guðmundssonar, formanns Kammerkórs Reykjavíkur. „Þetta er í sjötta sinn frá 1998 sem við höldum styrktartónleika fyrir góð málefni og við vitum því að hverju við göngum,“ segir Pétur og áréttar að allir sem hlut eigi að máli gefi vinnu sína. „Við höfum alltaf valið mikilvægt verkefni og að þessu sinni styrkjum við langveik börn undir kjörorðinu „Sungið fyrir Umhyggju“.“

Mikilvægur styrkur

Umhyggja er regnhlífarsamtök 18 félaga sem vinna að bættum hag langveikra barna og fjölskyldna þeirra. Þar starfa meðal annars foreldrar langveikra barna og fagfólk í heilbrigðiskerfinu.

„Tónleikarnir skipta okkur mjög miklu máli,“ segir Ragna K. Marínósdóttir, framkvæmdastjóri Umhyggju. „Það er stórkostlegt að fá þennan stuðning og eins skiptir þessi jákvæða umfjöllun miklu máli.“

Ragna áréttar að réttindamál foreldra og annarra aðstandenda langveikra barna sé meginmarkmið Umhyggju, sem vinni fyrir allt að 1.000 manns á landsvisu. „Við fáum enga opinbera styrki en einstaklingar og fyrirtæki hafa verið afskaplega dugleg að styðja við



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Í Langholtskirkju Fremst eru Sigurður Bragason, Anna Jónsdóttir, Sesselja Kristjánsdóttir og Kolbeinn Ketilsson.



Æfing Pétur Guðmundsson er formaður Kammerkórs Reykjavíkur.

okkur og svona framtak, eins og þessir styrktartónleikar, kemur okkur afskaplega vel.“

Á meðal söngvara, sem koma fram á tónleikunum, eru Svavar Knútur, Sigrún Hjálmtýsdóttir

(Diddú) sópran, Kolbeinn Ketilsson tenór, Viðar Gunnarsson bassi, Sesselja Kristjánsdóttir messó-sópran, Sólrún Bragadóttir sópran, Anna Jónsdóttir sópran, Kristín Sigtryggisdóttir messó-sópran, Ingibjörg Guðjónsdóttir sópran, Erla Gígja Garðarsdóttir sópran og Bryndís Guðnadóttir alt. Krisztina Kalló Szklenár leikur á orgel og pí-anóleikarar eru Kristína Kalló Szklenár, Friðrik Vignir Stefánsson, Jón Sigurðsson og Bjarni Þ. Jónatansson. Kórnir eru Kammerkór Reykjavíkur, Karlakórinn Prestir, Kvinnakór Reykjavíkur, Flensborgarkórinn, Kammerkór Seltjarnarneskirkju, Kvinnakór Hafnarfjarðar, Kirkjukór Árbæjarkirkju og Harmónía og Barnakór Háteigsskóla. Tónleikarnir hefjast klukkan 16 og sem fyrr eru miðar seldir við innganginn.

FÓLK Í FRÉTTUM



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Björgvin Halldórs á Græna hattinum

■ Björgvin Halldórsson flytur bestu lög sín á Græna hattinum í kvöld og annað kvöld kl. 22 bæði kvöld. Með Björgvini leika Þórir Úlfarsson á hljómborð, Jóhann Hjörleifsson á trommur, Jón Elvar Hafsteinsson á gítar og Friðrik Sturluson á bassa.

Af fingrum fram með Agli í Salnum í kvöld

■ Egill Ólafsson verður gestur Jóns Ólafssonar á tónleikaröðinni Af fingrum fram í Salnum í Kópavogi í kvöld kl. 20.30. Lög Egils og textar hafa yljáð þjóðinni í áratugi og að mati Jóns var því löngu kominn tími á að listamaðurinn fengi að láta ljós sitt skína í Salnum.



Nýr sönglagaflokkur frumfluttur á morgun

■ Fimm árstíðir nefnist nýr sönglagaflokkur eftir Þorvald Gylfason prófessor við kvæði eftir Snorra Hjartarson, sem frumfluttur verður á tónleikum í Hannesarholti á morgun, laugardag, kl. 16. Flytjendur eru Hallveig Rúnarsdóttir sópran, Elmar Gilbertsson tenór og Snorri Sigtús Birgisson á pí-anó, en tónskáldið les kvæðin fyrir áheyrjendur áður en þau eru sungin og leikin.



ÍÞRÓTTIR



Njarðvíkingar sitja eftir

Njarðvíkingar verða ekki í úrslitakeppninni um Íslandsmeistaratið karla í körfuknattleik í fyrsta sinn í 23 ár. Keppni í Dominos-deild karla lauk í gærkvöld og það voru ÍR og Þór frá Akureyri sem tryggðu sér síðustu tvö úrslitasætin. Þórsarar mæta KR en ÍR mætir Stjórnumni sem náði öðru sæti með því að sigra KR-inga. ÍR lagði Keflavík í æsispennandi og framlengdum leik. »2-3



Spennandi áætlanir hjá Esbjerg


„Mér hefur líðið mjög vel hjá Midtjylland en er engu að síður tilbúin að fara yfir til Esbjerg vegna þess að mér þykja þær áætlanir sem þar eru uppi vera mjög spennandi,“ segir Rut Arnfrjórd Jónsdóttir, landsliðskona í handknattleik, sem í gær samdi um að ganga til liðs við Esbjerg í sumar og spila þar næstu tvö tímabil. »1

Stutt í næsta maraþonhlaup hjá Kára

„Planíð er að skella sér í maraþon í lok apríl. Ég er að horfa á Hamburg eða Vín. Tímasetningin, brautirnar og hitastigið ætti að henta ágætlega. Ég reikna með að senda út tölvupósta um helgina og reyna að koma mér inn í annað hvort hlaupið en mér er eiginlega sama hvor áfangastaðurinn verður ofan á,“ segir langhlauparinn og olympíufarinn í maraþonhlaupi, Kári Steinn Karlsson. »1



VEÐUR



SPÁ KL. 12.00 Í DAG Ört vaxandi austanátt, 15-25 m/s um hádegis, hvassast við suðurströndina og samfelld rigning sunnan og austan til. Annars hægara og úrkomuinna. Hiti 0 til 8 stig.

Á laugardag Suðaustan 8-13 m/s og smáskúrir eða él, léttir til fyrir norðan. Hiti 1-6 stig. Á sunnudag Suðaustlæg átt, 8-15 m/s og rigning eða slydda, úrkomulítið norðaustan til. Hiti 0-5 stig.

VEÐUR » 8



Skannaðu kóðann með símanum þínum og fylgstu með veðrinu á mbl.is

www.mbl.is